



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



2010

Skýrsla starfshóps um þekkingarheimsóknir

Kolbrún Vigfúsdóttir

Tillögur starfshóps um þekkingarheimsóknir

Skipaður verði starfshópur sem vinnur áfram út frá eftirfarandi tillögum:

- Leikskólasvið taki saman yfirlit um sérstöðu og gæði reykvískra leikskóla í alþjóðlegu samhengi
- Á grundvelli samantektarinnar verði settar fram hugmyndir að þekkingarheimsóknum í reykvíska leikskóla og kynningu á þessum þekkingarheimsóknum, [Fræðsluflakk um leikskóla í Reykjavík](#).
- Metið verði hvort fjárhagslegur ávinningur geti verið af slíkum heimsóknum.
- Skoðaðir verði möguleikar á ráðstefnuhaldi í samvinnu við Háskóla Íslands og fleiri aðila og markhópar fyrir slíkar ráðstefnur skilgreindir.
- Árlega verði haldin ráðstefna fyrir íslenska leikskólastarfsmenn og fræðimenn í tengslum við árlega Barnamenningarhátíð.
- Framvegis fari allar erlendar heimsóknir í gegn um Höfuðborgarstofu sem hafi umsjón með innheimtu.

EFNISYFIRLIT

Tilurð starfshópsins	4
Hlutverk starfshópsins	4
Söfnun upplýsinga	5
Niðurstöður starfshóps	6
Fylgiskjal 1	7
Fylgiskjal 2	8
Fylgiskjal 3	9
Fylgiskjal 4 - 7	10

TILURÐ STARFSHÓPSINS

Á 69. fundi leikskólaráðs 2. desember 2009 var samþykkt tillaga formanns leikskólaráðs um að settur yrði af stað starfshópur sem hefði það hlutverk að skilgreina hvort leikskólar Reykjavíkur geti talist leiðandi í alþjóðlegu samhengi og meta hvernig hægt væri að nýta það sem tækifæri til atvinnusköpunar í greininni og tekjusköpunar fyrir Leikskólasvið. Ákveðið var að Þórey Vilhjálmsdóttir, fulltrúi í leikskólaráði, veitti hópunum formennsku.

HLUTVERK STARFSHÓPSINS

Samkvæmt erindisbréfi (Fylgiskjal 1) var hlutverk hópsins eftirfarandi:

1. Fara í upplýsingaöflun og samantekt þar sem hlutverk og markmið vinnuhópsins verður haft að leiðarljósi.
2. Skila niðurstöðum í formi skýrslu og kynningar þar sem lagðar verða fram tillögur að aðgerðum.

Í starfshópnum voru:

Þórey Vilhjálmsdóttir / Ragnar Sær Ragnarsson, formaður

Hermann Valsson, fulltrúi í leikskólaráði

Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu Leikskólasviðs

Dóra Theódórsdóttir, Höfuðborgarstofu

Kolbrún Vigfúsdóttir, þróunarfulltrúi og ritari hópsins

SÖFNUN UPPLÝSINGA

Starfshópurinn hélt fjóra fundi frá 15. janúar til 22. mars 2010. Safnað var upplýsingum um náms- og kynnisferðir leikskólastjóra og heimsóknir íslenskra leikskóla erlendis. Fimm leikskólastjórar voru kallaðir á fund starfshópsins. dr. Jóhanna Einarsdóttir prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands kom einnig til funar við hópinn.

Leikskólastjórar fóru í ellefu náms- og kynnisferðir erlendis á árunum 1998 til 2008 (*Fylgiskjal 2*).

Heimsóknir leikskólastarfsfólks á árunum 2004 til 2008 voru rúmlega þrjátíu talsins til þrettán landa. Flestar ferðir hafa verið farnar til Norðurlanda og þar næst til Bretlandseyja og Bandaríkjanna (*Fylgiskjal 3*).

Hópurinn safnaði einnig upplýsingum um helstu ráðstefnur sem leikskólakennarar geta sótt í Evrópu og Bandaríkjunum (*Fylgiskjal 4-7*).

Á fundum starfshópsins sögðu leikskólastjórnir frá reynslu sinni af því að taka á móti innlendum og erlendum gestum og einnig reynslu sinni af heimsóknum erlendis. Leikskólastjórnir nefndu nokkur atriði sem þeir sögðu vekja sérstaka athygli erlendra gesta sem koma og skoða reykvíska leikskóla.

Gott húsnæði og útivistarsvæði, fjölbreytt leikskólastarf og frelsi leikskólanna til að móta sér uppeldisstefnu og hreint og öruggt umhverfi vekja athygli margra gestanna. Góð samskipti reykvískra leikskóla við foreldra vekur áhuga og þá sérstaklega hversu gott aðgengi foreldra hafa að leikskólanum. Erlendum gestum sýnist börnin hafa mikið frelsi og njóta mikillar útiveru, en þeir velja einnig fyrir sér löngum dvalartíma barnanna. Leikskólar sem leggja áherslu á heiltæka skólastefnu finna fyrir áhuga erlendra gesta á starfsaðferðum, t.d. hvernig atferlisþjálfun er komið fyrir innan almenns leikskólastarfs og hvernig unnið er með kennslu á tveim tungumálum, þ.e. íslensku táknmáli og íslensku.

Leikskólastjórar lýstu fyrirkomulagi við móttöku þannig að gestir fá fyrirlestur um stefnu og starf leikskólans og síðan er þeim sýndur leikskólinn. Í stöku tilfellum þekkist að gestir dvelji hluta úr degi í leikskólanum.

Leikskólastjórar töldu einnig upp nokkur atriði sem vakið hafa sérstaka athygli þeirra í heimsóknum erlendis. Þeir sem hafa heimsótt Reggio Emilia á Ítalíu nefna húsnæði og efnivið og það hvað leikskólastarfið hefur verið þróað þar á löngum tíma. Leikskólastjórnir telja að leikskólar á Norðurlöndum séu á vissan hátt líkir okkar leikskólum, þar eru mismunandi stefnur og aðstæður á margan hátt svipaðar. Margir hafa einnig heimsótt leikskóla í New York. Þar eru aðstæður nokkuð ólíkar því sem þekkist hér en flestir sem þangað fara hrífast af samskiptum kennara við börn og þeim efnivið sem einkennir leikskóla í New York. Varðandi gjaldtöku fyrir heimsóknir í leikskóla erlendis er mismunandi hvort og hversu mikið gjald þarf að greiða.

Dr. Jóhanna Einarsdóttir tók þátt í umræðu um hugsanlega möguleika á ráðstefnuhaldi á Íslandi og leiðir til að kynna íslenskt leikskólastarf. Tækifæri til að kynna Ísland og íslenskt leikskólastarf gefst t.d. á erlendum ráðstefnum eins og EECERA. Mikilvægt er að starfsmenn á

skrifstofu Leikskólasviðs og starfsmenn í einstaka leikskólum nýti slík tækifæri, auk þess sem íslenskir fræðimenn kynna rannsóknir sínar á slíkum ráðstefnum.

Í vinnu starfshópsins kom fram að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við þegar talað er um alþjóðlega mælikvarða á leikskólastarf og meta hvort fyrst og fremst ætti að horfa til Evrópu (OECD) eða hvort horfa ætti lengra, t.d. til Ameríku eða Ástralíu og Nýja Sjálands.

Gera þarf úttekt á því hvort eitthvað nýtt og öðruvísi sé að gerast í Reykjavík, frekar en í öðrum sveitarfélögum á Íslandi. Í því sambandi var bent á starfendarannsókn í leik- og grunnskólum á vegum RannUng, Leikskólasviðs og Menntasviðs. Leikskólinn Sólborg vinnur með blöndun heyrnarkertra barna, foreldra og starfsmanna og leikskólinn Múlaborg vinnur með blöndun ófatlaðra og fjölfatlaðra barna. Í Dalskóla er gerð tilraun með samrekstur leik- og grunnskóla. Auk þessa væri mikilvægt að skoða stefnur sem þróast hafa á Íslandi þó þær eigi uppruna erlendis.

NIÐURSTÖÐUR STARFSHÓPS

Starfshópurinn er sammála um að margt sé áhugavert í leikskólastarfi Reykjavíkurborgar og á Íslandi sem vert er að kynna. Greining á sérstöðu íslenska leikskólans hefur ekki verði gerð og þess vegna leggur starfshópurinn áherslu á að slík greining fari fram.

Komi í ljós að leikskólar í Reykjavík geti boðið upp á áhugaverðar þekkingarheimsóknir er mikilvægt að leggja áherslu á að auka fjölbreytni þeirra gesta sem hingað koma, m.a. í samvinnu við háskólastofnanir og fag- og stéttarfélög kennara. Hægt væri að bjóða upp á þekkingarheimsóknir sem tengjast minni ráðstefnum eða stærri ráðstefnum um afmarkað fræðasvið, svo dæmi séu tekin .

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að skoða nánar hvort Reykjavíkurborg ætti erindi inn á ráðstefnumarkaðinn. Ísland er miðja vegg milli Evrópu og Ameríku og í því felast tækifæri fyrir alþjóðlegt samtali fræðimanna og leikmanna um uppeldi og kennslu ungra barna. Greiðar flugsamgöngur og gott framboð gisti- og ráðstefnuhúsnæðis ætti að verða hvati fyrir samstarf við ferðaþjónustu í Reykjavík.

FYLGISKJAL 1

Erindisbréf

Heiti vinnuhóps: Starfshópur um möguleika á þekkingarheimsóknum í leikskóla Reykjavíkur
Ábyrgðarmaður: Ragnhildur E. Bjarnadóttir sviðsstjóri
Hlutverk: Að skilgreina hvort Leikskólar Reykjavíkur geti talist leiðandi í alþjóðlegu samhengi. Ef það verður niðurstaðan þá verður metið hvernig er hægt að nýta það sem tækifæri til atvinnusköpunar í greininni og það verði jafnframt tekjuskapandi fyrir Leikskólasvið.
Helstu verkefni: Farið verður í upplýsingaöflun og samantekt þar sem hlutverk og markmið vinnuhópsins verður haft að leiðarljósi. Niðurstöðunni verður skilað í formi skýrslu og kynningar þar sem lagðar verða fram tillögur að aðgerðum. áfangi – Upplýsingaöflun áfangi – Vinnsla gagna og áætlanagerð áfangi – Skýrsla og kynning tilbúin
Fulltrúar í vinnuhópi: Hermann Valsson fulltrúi í Leikskólaráði Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu Leikskólasviðs Dóra Magnúsdóttir frá Höfuðborgarstofu
Formaður vinnuhóps: Pórey Vilhjálmisdóttir fulltrúi í Leikskólaráði
Starfsmenn: Kolbrún Vigfúsdóttir þróunarfulltrúi Leikskólasviði
Ráðgjöf / samstarf: Hópurinn kallar til liðs við sig þá sérfræðiaðstoð sem hann telur þörf á.
Starfstímabil: Niðurstöðum sé skilað eigi síðar en 10. apríl 2010
Skil: Sviðsstjóri Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar.

FYLGISKJAL 2

Náms- og kynnisferðir leikskólastjóra

- 1998 NAEYC ráðstefna, Kanada ¹
- 1999 Stockholmsmásson ráðstefna, Svíþjóð
- 2000 NAEYC ráðstefna Atlanta USA ²
- 2001 Tónlist í skólastarfi: Kolday-tónlistarstefnan í Kesketmet og Budapest, Ungverjalands
- 2002 NAEYC ráðstefna New York ³
- 2003 Leikskólaheimsóknir í Barcelona Spánnar
- 2004 EECERA ráðstefna Möltu ⁴
- 2005 Leikskólaheimsóknir Finnlands
- 2006 Heimsóknir í leikskóla og fyrirlestrar í Glasgow Skotlandi
- 2007 EECERA ráðstefna í Prag og heimsókn í leikskóla ⁵
- 2008 Námskeið í Reggio Emilia á Ítalíu

¹ National Association for the Education of Young Children

² National Association for the Education of Young Children

³ National Association for the Education of Young Children

⁴ European Early Childhood Education Research Association

⁵ European Early Childhood Education Research Association

FYLGISKJAL 3

Námsferðir leikskóla erlendis frá 2004 – 2008

- 2004 Leikskólinn Austurborg til Glasgow
- 2004 Leikskólinn Öldukot til London
- 2004 Leikskólinn Kvistaborg til Amsterdam
- 2005 Leikskólinn Múlaborg til London
- 2005 Leikskólinn Brákarborg til Danmerkur og Svíþjóðar
- 2005 Leikskólinn Barónsborg til London
- 2005 Leikskólinn Furuborg til Ósló
- 2005 Leikskólinn Hálsakot til Stokkhólms
- 2005 Leikskólinn Blásalir til Danmerkur og Svíþjóðar
- 2005 Leikskólinn Gullborg til Glasgow
- 2005 Leikskólinn Sjónarhóll til New York
- 2005 Leikskólinn Seljakot til Danmerkur og Svíþjóðar
- 2006 Leikskólinn Maríuborg til Búlgaríu
- 2006 Leikskólinn Steinahlíð til Kaupmannahafnar
- 2006 Leikskólinn Hof til London
- 2007 Leikskólinn Funaborg til Kaupmannahafnar
- 2007 Námsferð Ingibjargar Kristleifsdóttur leikskólustjóra til Danmerkur
- 2007 Leikskólinn Brekkuborg til Kaupmannahafnar og Malmö
- 2007 Leikskólinn Hagaborg Skotland/Edinborg
- 2007 Leikskólinn Jöklaborg Kaupmannahöfn
- 2007 Leikskólinn Hlíðarendi Skotland/Glasgow
- 2007 Leikskólinn Sólborg Lettland/Ríga
- 2007 Leikskólinn Laufásborg Chicago
- 2007 Leikskólinn Drafnarborg New York
- 2008 Bugðu-leikskólar til New York
- 2008 Leikskólinn Skógarborg til Odense
- 2008 Leikskólinn Hulduheimar til Boston
- 2008 Leikskólinn Laufskálar til New York
- 2008 Leikskólinn Heiðarborg til Berlín
- 2008 Leikskólinn Suðurborg til Kaupmannahafnar
- 2008 Leikskólinn Dvergasteinn til New York (vantar skýrslu)

FYLGISKJAL 4 - 7

Íslenskar ráðstefnur

FUM

Menntamálaráðuneyti

Leikskólasvið Reykjavíkur

RannUng

Háskóli Íslands

Háskólinn Akureyri

SARE

Vinabæjarsamtök Akureyri og e.r.bær í Danmörk



British Educational Research Association

Registration Fees		Before and Including 31 May	After 31 May
Early Career Researcher Conference plus Main Conference	Full Time Students*	£230	£275
Early Career Researcher Conference and Main Conference	BERA Member	£300	£350
	Non-Member	£400	£450
Main Conference Only	BERA Member	£270	£320
	Non-Member	£355	£400

NERA Congress 2010



Registration	Fee	Before 15th of December 2009	After 15th of December 2009
NERA/NFPF member		SEK 3900:-	SEK 4700:-

Non-member	SEK 4700:-	SEK 5500:-
------------	------------	------------



PROFESSIONSHØJSKOLEN
University College Nordjylland

Tilmelding: Deltager

Deltagerbetaling for konferencen er DKK 3.800,00. Dette beløb er incl.:

EECERA

EECERA "European Early Childhood Education Research Association" in collaboration with the Centre for Research in Early Childhood (CREC).

infant and early childhood conference

Conference History

During the summer of 1979, a group of early childhood special educators gathered at Central Washington University (www.cwu.edu) in Ellensburg, Washington. Among those present at the creation of ECDAW (Early Childhood Development Association of Washington) were Joan Martin, Melba Grau, Dick Boysen, Judi Moore, Linda Gil, and Mimi Siegel. In 1980, the initial official ECDAW training conference took place in Ellensburg with Judi Moore as ECDAW's first president. Office of the Superintendent of Public Instruction (OSPI) collaborated with ECDAW in 1984 to produce the ECDAW-OSPI Early Childhood Conference.



National Association for the Education of Young Children

NAEYC conferences bring together early childhood educators representing many roles -- teaching staff, program administrators, students, researchers and teacher educators -- to discuss the latest ideas and learn from one another. The **NAEYC Annual Conference & Expo** is the largest early childhood education conference in the world, where tens of thousands of educators choose from hundreds of presentations and exhibits. The 2010 NAEYC Annual Conference & Expo will be in Anaheim, CA on November 3-6.



Early Childhood Intervention Australia (ECIA) provides a national focus and forum, promotes the public profile of Early Childhood Intervention, facilitates effective liaison and advocacy in the community, and fosters quality information and service provision. Services include organisation of seminars and workshops and a national conference every two years.

Conference registration is for the two day conference - 20, 21 May 2010. Saturday 22 May 2010 is a workshop day with an additional registration fee.

Registration Type	Member		Non-member	
	Earlybird by 15/03/2010	Standard from 16/03/2010	Earlybird by 15/03/2010	Standard from 16/03/2010
Full delegate (2 days + Welcome Reception)	\$595	\$645	\$645	\$695
Day delegate	\$300	\$325	\$350	\$375

35th Annual Utah Early Childhood Conference

Saturday, March 13th, 2010

Utah Valley University
Orem, Utah

This annual conference is presented by...

the Utah Inter-Institutional Consortium
in collaboration with
Utah Association for the Education of Young Children

ISSA



LICE-2010

London International Conference on Education

Stockholmsmässan/SkolForum

På Skolforum kan lärare från såväl förskola, grundskola, gymnasieskola/vux samt skolläda hitta sitt specialområde bland de 91 olika seminarier och föreläsningar som genomförs. Vissa ger inspiration andra konkreta tips att ta med tillbaka till klassrummet.